

Ed.

722. Nefndarálit

[222. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með því að ríkisreikningurinn er lögum samkvæmt lagður fyrir Alþingi til samþykktar, viljum við undirritaðir ekki koma í veg fyrir, að þeirri lagaskyldu verði fullnægt, og leggjum því til, að frv. verði samþykkt.

Við teljum þó rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum, í sambandi við reikning ársins 1967.

Í fyrsta lagi er það að athuga, að samkvæmt yfirliti á bls. 299 í ríkisreikningnum hefur ríkisendurskoðun ekki enn unnizt tími til að endurskoða reikninga 24 ríkisstofnana, embætta o. fl., og jafnvel eru þar í nokkrum tilfellum óendurskoðaðir reikningar frá eldri árum.

Enda þótt við vitum, að sams konar afgreiðsla hafi verið viðhöfð lengi að undanfögnu, teljum við, að hér ætti að breyta til og endurskoða reikningana jafnóðum og áður en ríkisreikningurinn er lagður fyrir Alþingi.

Í öðru lagi bendum við á það, að samkvæmt gildandi lögum um ríkisbókhald er innheimtumönnum ríkissjóðs framvegis óheimilt að hafa reikninga opna fram yfir áramótin, en sú er samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra skýring þess, að um áramótin 1967—1968 voru yfir 200 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs á árinu 1967 enn í höndum innheimtumanna. Verður því fastlega að vænta þess, að ekki verði framhald á svo slægum skilum innheimtumanna.

Í þriðja lagi vekjum við athygli á hinum 20 athugasemdum yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, þar á meðal að tveim athugasemdum er nú vísað til aðgerða Alþingis, en slík málsmeðferð er ekki algeng. Er hér um að ræða bókhaldsfyrirkomulag hjá Ríkisútvarpi, sem þeir telja að skýri rangt frá eignum þess og brjóti í bága við almennar reglur og höfuðstefnu ríkisreikningsins sjálfs, og greiðslur til stjórnarnefndarmanna Skipaútgerðar ríkisins, sem þeir telja þannig vaxnar, að enga hliðstæðu eigi sér um launagreiðslu fyrir slík störf hjá ríkinu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar neðri deildar hefur afgreitt fyrir sitt leyti þessar athugasemdir þannig, að athugasemdin um reikningsgerð Ríkisútvarpsins er undirstrikuð og áherzla lögð á, að Ríkisendurskoðunin sjái svo um, að eftir þeim verði farið, en telur athugasemdir við reikning Skipaútgerðar ekki gefa tilefni til sérstakrar umsagnar, þar sem skipan mála hafi þegar verið breytt.

Undirritaðir fallast á þessa málsmeðferð með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram hafa komið við meðferð málsins á Alþingi.

Í fjórða lagi viljum við taka undir þær ábendingar, sem fram hafa komið í umræðum að undanfögnu, að æskilegt væri, að ýmsir liðir ríkisreikningsins væru meira sundurliðaðir en nú er, til glöggvunar fyrir alla þá, er reikninginn skoða.

Alþingi, 12. maí 1969.

Einar Ágústsson,
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.